



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun sýningar á verkum
Svölu Þórisdóttur
Gerðarsafni 20. febrúar 1999**

Góðir sýningargestir
Kæru vinir

Hvenær hófst sú vegferð sem gaf okkur hljómkviðu lita og mynddýrða sem heilsar okkur hér í dag? Var það í fjörunni við Ægisíðu þar sem sólin og sjávarborðið léku á liti þangs og þara, steina og sands og litla stelpa úr rauða húsinu kastaði völlum út á Skerjafjörðinn og fór heim með flugur og orma í krukum? Var það á vorkvöldum við Tjörnina þegar marglit bárujárnshúsin spegluðu þorpið í Kvosinni og unga fólkið hélt það byggi í borg? Var það í vinarhópnum sem heilsaði heiminum gáskafullur, kaldhæðinn og glaður, og alla tíð hélt tryggð við ævintýrið sem birtist þeim í persónuleika Svölu og þótt oft væru álfur og meginhöf, áratugir og væn æviskeið milli endurfunda?

Hvaðan kom henni þessi kraftur, þessi einstæða sköpunargleði og ferska sýn? Var það úr rótfastri íslenskri menningu sem mótað hafði foreldrahús innblásin þingeyskum anda? Var það úr hugarheimi námsfólk og lista í Oxford þegar allt skyldi dregið í efa og hið nýja varð dyggð vegna umbrotanna einna? Var það frá árpúsunda arfi Asíu og Austurlanda sem í takti mannlífs og menningar fann samhljóm í sköpunargleði hinnar ungu listakonu? Var það dulúðin og lífsspeki spámanna íslams sem urðu henni í senn leiðarljós og orkugjafi á erfiðum tímum? Eða var það ólgan í háborg valdsins á okkar tíð, aðsetri hennar í áratugi, þar sem leiksvið ákvarðanna og metnaðar er veröldin öll? Var það kannske allt þetta eða jafnvel enn frekar hennar eigin hugarheimur, ævintýrið sem bjó í sálu hennar og lífsgleði, sem gaf Svölu náðargjöf og sköpunarþrótt sem birtis okkur í margbrotnum verkum hennar?

Við sem nutum þess að heimsækja hana í Washington, og oft leið árafjöld milli endurfunda, sáum jafnan á veggjum heimilis hennar og Melhems ný verk sem voru svo einstæð að þau hefðu hrópað á athygli í fremstu listasöfnum veraldar. Við nefndum það oft að hún ætti að flytja þau heim til Íslands svo að þjóðin gæti notið þess að uppgötva fjölhæfa listakonu sem ung hélt út í heim með viljann einan að vopni. Hógvær en hláturmild og brosandí skaut Svala sér jafnan hjá svári og einhvern veginn lá í loftinu að sú stund væri enn fjarri.

Heimkoman – heimkoman varð vissulega önnur en við höfðum vonað, en sú gleði sem verk hennar veita okkur hér í Gerðarsafni er vissulega í anda þeirra hátíða sem Svala gaf ávallt umhverfi sínu og vinum, jafnvel einnig í glímunni hörðu við sjúkdóminn sem að lokum lagði hana að velli.

Sýningin á verkum Svölu Þórisdóttur er ekki aðeins óður um ævistarf merkrar listakonu heldur einnig áminning til okkar Íslendinga um að varðveita vitneskju um verk þeirra landa okkar sem sinnt hafa listsköpun sinni með öðrum þjóðum.

Sá tími sem hófst um miðbik aldarinnar veitti mörgum tækifæri til að sækja nám og þjálfun vítt um veröldina og heimkoman var sífellt látin bíða betri tíma.

Verkin sem við sjáum hér í dag, verk sem vinir Svölu hafa sum litið augum á stopulum endurfundum í árána rás, eru nú að flytja þjóðinni í fyrsta sinn verðuga kynningu á fullþroska listakonu sem var svo íslensk í eðli sínu að áminning um uppruna hennar var oft hrópanði sterk, en jafnframt slík heimskona að mér er til efs að önnur slík hafi fundist í sveit íslenskra listamanna á síðasta fjórðungi þessarar aldar.

Þótt við njótum hér í dag úrvals úr listsköpun Svölu Þórisdóttur þá ætti þessi einstæða sýning að vera forráðafólki lista og menningar í landi okkar hvatning til að hefja samfellda skráningu og lýsingu á verkum þeirra íslensku listamanna sem ungir héldu út í heim og störfuðu alla tíð eða starfa enn á þeim framandi vettvangi.

Við megum ekki vegna misskilnings eða þröngsýni einskorða listasögu Íslendinga við póstnúmerakerfi landsins sjálfs. Við þurfum einnig að hafa metnað og velvilja til að hefja myndarlega til vegs verk þeirra sem starfa ævina alla fjarri ættjörðinni.

Sýning á verkum Svölu Þórisdóttur er dýrmæt áminning um að í þessum efnum þarf að hefjast handa því innan fáeinna áratuga kann að verða ógerlegt að veita þjóðinni sýn á þennan merka þátt íslenskrar menningarsögu.

Vinir Svölu sem frumkvæði hafa haft að þessari sýningu eiga skilið í senn lof og þakkir okkar hinna og hið unga Gerðarsafn í Kópavogi sýnir enn á ný metnað sinn til að vera í fararbroddi við endurnýjun á listaskilningi okkar Íslendinga.

Stundin sjálf er vissulega samofin sorg og gleði. Minningin um kæran vin og mikilhæfan listamann er rík í okkar huga, samkenndin með Melhem og Daoud einlæg í hjörtum okkar.

Dear Melhem and Daoud.

We treasure with both of you the gifts given by Svala and we celebrate here today the homecoming of her art, a tribute to a gifted painter and a unique friend, a great human being and a proud daughter of a country she wanted both of you to share with her and us all.

I know that last year was a time of profound sorrow and grief but we hope that in being with us at the opening here today your hearts will be filled with pleasure and pride. You are indeed bringing home to Iceland a great exhibition and a marvellous tribute to Svala. We thank you deeply and as Daoud knows Iceland will always remain in the truest sense your motherland.

Það er í senn með gleði og söknuð í huga að mér veitist sá heiður að opna sýningu á verkum Svölu Þórisdóttur hér í Gerðarsafni.